

Úthlutunarnefnd losunarheimilda
skv. lögum um losun gróðurhúsalofttegunda
nr. 65/2007

Reykjavík, 27. september 2007

Greinargerð til umhverfisráðherra vegna ákvörðunar úthlutunarnefndar losunarheimilda um úthlutunaráætlun vegna tímabilsins 1. janúar 2008 - 31. desember 2012

Úthlutunarnefnd losunarheimilda var skipuð af umhverfisráðherra með bréfi dagsettu 11. maí 2007 í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga um losun gróðurhúsalofttegunda. Í nefndinni eiga sæti Sveinn Þorgrímsson, formaður, iðnaðarráðuneyti, Kristín Linda Árnadóttir, umhverfisráðuneyti og Angantýr Einarsson, fjármálaráðuneyti.

Í samræmi við 9. gr. laganna ber nefndinni að gefa út áætlun eigi síðar en 1. október 2007 um úthlutun losunarheimilda til atvinnurekstur vegna tímabilsins 1. janúar 2008 til 31. desember 2012. Í áætlun skal tekið fram hversu mörgum losunarheimildum er fyrirhugað að úthluta til hvers atvinnureksturs sem sækir um á hverju ári á tímabilinu. Er áætlunin bindandi hvað varðar úthlutun til atvinnureksturs nema hvað heimilt er að skerða losunarheimildir til atvinnureksturs sem fengið hefur viljrði um úthlutun í áætlun ef breytingar hafa orðið í rekstri þess sem hafa orðið þess valdandi að starfsemi eða losun frá henni sé minni en gert var ráð fyrir við útgáfu áætlunarinnar.

Alls hefur nefndin 10.500.000 losunarheimildir til úthlutunar vegna tímabilsins 1. janúar 2008 til 31. desember 2012. Þar af eru 8.000.000 losunarheimilda sem þurfa að fullnægja þeim skilyrðum sem sett eru fram í ákvörðun 14/CP.7. við Kyoto bókunina. Til að falla undir ákvörðunina þarf koldíoxíðútstreymi frá nýrri stóriðju eða stækkun stóriðjuvers (e: *single project*) að hefja starfsemi eftir 1990 og leiða til meira en 5% aukningar í útstreymi á fyrsta skuldbindingartímabili bókunarinnar (2008–2012) en það er um 107.000 tonn koldíoxíðs á ári. Einnig er gerð krafa um notkun endurnýjanlegrar orku, að notkun hennar leiði til samdráttar í útstreymi, að besta fánlega tækni sé notuð og að bestu umhverfisverndaraðgerðir séu viðhafðar við framleiðsluna.

Skv. 7. gr. laganna er staðbundinni iðnaðarframleiðslu, sem losar meira en 30.000 tonn koldíoxíðs árlega, og staðbundinni orkuframleiðslu með brennslu jarðefnaeldsneytis, sem losar meira en 30.000 tonn koldíoxíðs árlega, óheimilt að starfa á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember 2012 nema hún hafi aflað sér losunarheimilda eða lagt fram áætlun um hvernig slíkra heimilda yrði aflað.

Í ákvæði til bráðabirgða við lögina er skilyrði um að starfandi atvinnurekstur sem félli undir gildissvið laganna bæri að sækja um losunarheimildir fyrir tímabilið 1. janúar 2008 til 31. desember 2012 eigi síðar en 1. júní 2007. Var þessi tímafrestur auglýstur af nefndinni í

dagblaði á landsvísu auk þess sem haft var óformlegt samband við hagsmunasamtök. Alls hafa 9 umsóknir borist nefndinni og er heildarfjöldi losunarheimilda sem sótt er um samtals 10.966.585 sbr. eftirfarandi töflu.

Fyrirtæki (framleiðsla á tímabilinu)	Losunarheimildir Samtals	Losunarheimildir almennar	Losunarheimildir 14/CP.7
Sementsverksmiðjan Akranesi (800.000 t.)	850.000	850.000	
Íslenska járnblendifélagið (950.000 t.)	3.105.000	1.405.000	1.700.000
Alcan Straumsvík (1.560.000 t.)	2.468.821	804.696	1.664.125
Norðurál Grundartanga (1.440.000 t.)	2.509.300	30.300	2.479.000
Alcoa Reyðarfirði (1.730.000 t.)	2.532.665	12.665	2.520.000
Alcoa Bakka (250.000 t.)	366.788	1.788	365.000
Norðurál Helguvík (350.000 t.)	649.000	12.000	637.000
Alcan Þorlákshöfn (600.000 t.)	936.585	55.125	881.460
Tomahawk Development (200.000 t.)	720.000	0	720.000
Samtals	14.138.159	3.171.574	10.966.585

Umsóknir um úthlutun voru í samræmi við 8. gr. laga um losun gróðhúsalofttegunda móttækna af Umhverfisstofnun sem fór yfir þær. Með bréfi dagsettu 22. ágúst 2007 óskaði Umhverfisstofnun eftir að nefndin hlutaðist til um að afla frekari upplýsinga frá umsækjendum. Samþykkti nefndin það og óskaði eftir með bréfum dagsettum 23. ágúst 2007 eftir frekari upplýsingum frá umsækjendum sem síðar voru framsendar til stofnunarinnar. Eftir að Umhverfisstofnun hafði farið yfir umsóknirnar framsendi hún þær til úthlutunarnefndar losunarheimilda ásamt umsögn stofnunarinnar þar sem fram kom mat hennar á því hvort umsóknin uppfylli sett skilyrði. Umsögn stofnunarinnar, dags. 8. september 2007, er fylgiskjal með bréfi þessu.

Um matsforsendur

Nefndin byggir niðurstöður sína á þeim viðmiðum sem er að finna í 11. gr. laga um losun gróðurhúsalofttegunda. Þar segir að fyrir atvinnurekstur sem var starfandi fyrir 1. janúar 2007 skuli úthlutun taka mið af mældri eða áætlaðri meðaltalslosun koldíoxíðs á árunum 2005 og 2006. Ef atvinnurekstur hefur hins vegar ekki verið í rekstri í eitt eða fleiri af viðmiðunarárunum, eða aðrar ástæður leiða til þess að árabilið 2005–2006 lýsir ekki meðallosun, er heimilt að vísa til annarra viðmiðunarára eða sýna fram á hver sé meðallosun atvinnurekstrar á annan sambærilegan hátt. Fyrir atvinnurekstur sem hefur starfsemi eftir 1. janúar 2007, eða hyggur á framleiðsluaukningu eftir þann tíma, skal taka mið af áætlaðri losun, miðað við að notuð sé besta fánleg tækni til að halda losun koldíoxíðs í lágmarki.

Eins og fram hefur komið voru umsóknir um losunarheimildir vegna tímabilsins 2008–2012 samanlagt meiri en úthlutunarnefnd losunarheimilda hefur til umráða. Bar nefndinni því að hafa til hliðsjónar að fyrst skuli úthluta til þess atvinnurekstrar sem hafið hefur starfsemi áður en fyrsta skuldbindingartímabil hefst 1. janúar 2008. Gert er ráð fyrir að því sem þá er eftir til ráðstöfunar skuli úthlutað til annarra umsækjenda sem hyggjast hefja starfsemi eða auka starfsemi eftir 1. janúar 2008. Í 11. gr. segir ennfremur að þeir umsækjendur sem hafa þegar starfsleyfi og/eða eru komnir langt í undirbúningi framkvæmda skulu njóta forgangs við ákvörðun um úthlutun losunarheimilda í áætlun úthlutunarnefndar umfram aðra sem skemmra eru komnir í undirbúningi.

Niðurstöður.

Niðurstöður úthlutunarnefndarinnar er birt í eftirfarandi áætlun um væntanlegar úthlutanir heimilda á tímabilinu 2008-2012, sem í samantekt eru þannig:

Úthlutun losunarheimilda

	Almennar heimildir	14/CP.7
Sementsverksmiðjan	666.875	0
Íslenska járnblendifélagið	1.017.370	940.525
Alcan Straumsvík	753.740	628.595
Norðurál Grundartanga	0	2.106.000
Alcoa Reyðarfirði	0	2.520.000
Samtals hvor flokkur	2.437.985	6.195.120

Báðir flokkar samtals:

8.633.105

Í þessari niðurstöðu felst að nú er aðeins úthlutað til starfandi atvinnureksturs og miðað er við umfang starfsemi fyrirtækjanna eins og hún er álitin verða á árinu 2008. Að mati nefndarinnar eru ekki forsendur nú til að úthluta til þeirra umsækjenda sem ekki eru starfandi þar sem mikil óvissa er enn um stöðu þeirra verkefna t.d. varðandi orkuöflun, niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum, útgáfu starfsleyfis og skipulagsforsendur. Þau fjögur fyrirtæki sem hyggja á starfsemi á árunum 2008- 2012, sjá töflu yfir umsækjendur, fá því ekki úthlutað losunarheimildir að þessu sinni. Rétt er að taka fram að starfandi atvinnurekstur fær heldur ekki úthlutað heimildum vegna fyrirhugaðra stækkana á tímabilinu. Með vísun til framangreinds eru úthlutun losunarheimilda til allra þessara verkefna sett í biðstöðu auk stækkunaráforma starfandi fyrirtækja, en engum þeirra hafnað. Nefndin telur eðlilegt að framtíðaráform þeirra fái að skýrast betur áður en hún tekur mál þeirra fyrir að nýju á næsta ári.

Úthlutun til atvinnurekstrar byggir í meginatriðum á eftirfarandi:

Sementsverksmiðjan fær úthlutað 666.875 losunarheimildum sem allar falla undir almennar losunarheimildir Íslands. Við ákvörðun þessa er tekið mið af fullri afkastagetu verksmiðjunnar og starfsleyfi hennar, sem er 125.000 tonn á ári.

Íslenska járnblendifélagið fær úthlutað 1.957.895 losunarheimildum. Þar af falla 1.017.370 losunarheimildir undir almennar heimildir og 940.525 losunarheimildir undir ákvæði 14/CP.7. Við ákvörðun þessa er tekið mið af 120.000 tonna framleiðslu, sem eru afköst verksmiðjunnar í árslok 2007.

Alcan í Straumsvík fær úthlutað 1.382.335 losunarheimildum. Þar af falla 753.740 losunarheimildir undir almennar heimildir og 628.595 losunarheimildir undir ákvæði 14/CP.7. Við ákvörðun þessa er tekið mið af 183.760 tonna framleiðslu fyrirtækisins í árslok 2007, sem er í samræmi við umsókn fyrirtækisins fyrir núverandi starfsemi.

Norðurál á Grundartanga fær úthlutað 2.106.000 losunarheimildum, sem allar falla undir ákvæði 14/CP.7. Við ákvörðun þessa er tekið mið af áætlaðri framleiðslu fyrirtækisins á árinu 2008 sem er 270.000 tonn af áli. Einnig er tekið mið af meðaltali losunar CO2 á framleitt tonn áls eins og rauntölur voru fyrir viðmiðunarárin 2005 og 2006, sem er minni losun en sótt var um. Starfsleyfi fyrir núverandi verksmiðju heimilar nokkuð meiri framleiðslu, eða 300.000 tonn, og mun nefndin taka afstöðu til aukinnar úthlutunar síðar ef tilefni reynist til þess.

Alcoa á Reyðarfirði fær úthlutað 2.520.000 losunarheimildum, sem allar falla undir ákvæði 14/CP.7. Við ákvörðun þessa er tekið mið af áætlun fyrirtækisins um framleiðslu á árinu 2008 sem er eins og sótt var um.

Reykjavík 27. september 2007

F.h. nefndarinnar

Sveinn Þorgrímsson

Kristín Linda Árnadóttir

Úthlutunaráætlun úthlutunarnefndar losunarheimilda í samræmi við lög um losun gróðurhúsalofttegunda.

Úthlutun eftir árum

Fyrirtæki (framleiðsla á tímabilinu)	2008	2009	2010	2011	2012	Samtals losunarheimildir	Almennar losunarheimildir	14/CP.7 losunarheimildir
Sementsverksmiðjan Akranesi (625.000 tonn)	133.375	133.375	133.375	133.375	133.375	666.875	666.875	0
Íslenska járnblendifélagið (600.000 tonn)	391.579	391.579	391.579	391.579	391.579	1.957.895	1.017.370	940.525
Alcan Straumsvík (918.800 tonn)	276.467	276.467	276.467	276.467	276.467	1.382.335	753.740	628.595
Norðurál Grundartanga (1.440.000 tonn)	421.200	421.200	421.200	421.200	421.200	2.106.000	0	2.106.000
Alcoa Reyðarfirði (1.730.000 tonn)	504.000	504.000	504.000	504.000	504.000	2.520.000	0	2.520.000
Samtals						8.633.105	2.437.985	6.195.120

